um frv. til l. um Handritastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til ýtarlegrar athugunar. Í fyrstu var það sent heimspekideild Háskóla Íslands til umsagnar, og gerði deildin þá tillögu, að nafni stofnunarinnar skyldi breytt í „Stofnun Jóns Sigurðssonar" (sjá fylgiskjal I). Að fengnu þessu áliti skrifaði n. háskólaráði, sem hafði undirbúið frv. fyrir ráðherra, og spurði álits þess. Háskólaráð kvaðst ekki óska að breyta fyrri afstöðu sinni um nafnið, eins og það er í frv. (fylgiskjal II).

Þá barst n. erindi frá Félagi íslenzkra fræða, og kom stjórn félagsins einnig á fund n. til að ræða málið. Félagið studdi heimspekideild varðandi nafnið og gerði nokkrar frekari tillögur (sbr. fylgiskjal III).

Jafnframt þessu ræddi menntamálanefnd málið á víðtækum grundvelli, og kom fram í n. áhugi á frekari aðgerðum í tilefni af heimkomu handritanna en þetta frv. gerir ráð fyrir. Var mest rætt um nauðsyn á byggingu þjóðarbókhlöðu, þar sem hýsa mætti handritin og hið sameinaða Landsbókasafn og Háskólabókasafn, sbr. ályktun Alþingis 1957. N. ræddi mál þetta við menntamálaráðherra, og vakti hann máls á því við ríkisstjórn. Lýsti ríkisstj. áhuga á málinu, en taldi ekki rétt að blanda því saman við þetta mál. Menntamálanefnd vill engu að síður benda á þörf veglegrar byggingar fyrir handritin, þar sem væri mikið safn handbóka og fræðirita. Þar sem orðið er aðkallandi að leysa mál hinna bókasafnanna, virðist hentugt að byggja á einum stað fyrir alla þessa aðila.

Menntamálanefnd hefur ekki getað fallizt á tillögu um að breyta nafni handritastofnunarinnar, m. a. sökum þess, að handritin kallast, þegar þau koma, deild úr Safni Árna Magnússonar og ekki á valdi Íslendinga að breyta því. Nefndin lítur svo á, að nafn stofnunarinnar muni á engan hátt takmarka starfssvið hennar, heldur eigi stjórn hennar að marka það sem víðast, eftir aðstæðum hverju sinni.

N. vill benda á, að það fjárframlag, sem tekið hefur verið á fjárlög til handritastofnunar, er aðeins byrjunarframlag. Stjórn stofnunarinnar byrjar væntanlega á því að skipuleggja starf hennar og gera þá frekari fjárhagsáætlun, sem vænta má að Alþingi taki með velvild og skilningi.

Einn nefndarmanna, Einar Olgeirsson, hafði lagt fram í nefndinni tillögur um breytingar á frumvarpinu í þá átt að koma upp ríkisbókhlöðu og að jafnframt yrði ákveðið ríkisframlag til rekstrar handritastofnunarinnar, ekki minna en 2½ millj. króna á ári. Einar var ekki á þingi við endanlega afgreiðslu málsins í nefndinni, en við sæti hans hafði tekið Margrét Sigurðardóttir. Fallizt var á að draga till. Einars til baka, þar sem ekki gat orðið fullt samkomulag um þær, en allir nefndarmenn þins vegar sammála um, að æskilegast væri að skapa sem bezta samstöðu um afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og háskólaráð og ríkisstjórn gengu frá því. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 20. marz 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Sv. S. Einarsson, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Margrét Sigurðardóttir. Björn Fr. Björnsson.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
— Heimspekideild —

Reykjavík, 9. des. 1961.

Frumvarp til laga um Handritastofnun Íslands.

Heimspekideild hefur haft til athugunar frumvarp til laga um Handritastofnun Íslands, sem fylgdi bréfi háttvirtrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 23. nóv. þ. á. Heimspekideild samþykkti einróma svo hljóðandi ályktun:

„Heimspekideild Háskóla Íslands vill láta í ljós ánægju af framkomu frumvarps til laga um Handritastofnun Íslands og væntir sér mikils af framkvæmd þess máls.

Frumvarpið fer mjög nærri tillögum háskólaráðs, sem undirbúnar voru af heimspekideild. Breytingar eru smávægilegar, og um flest af því, sem niður er fellt í frumvarpinu, er rætt í athugasemdum (t. d. um örnefnasafn og þjóðfræðasafn, sem heimspekideild leggur áherzlu á, en eins vel má lögfesta í reglugerð).

Um fjármálin óskar heimspekideild að taka fram, að með því fyrirheiti, sem athugasemdir aftan við frumvarpið gefa, telur deildin ekki ástæðu til að ræða þau mál. Það verður verkefni stjórnar stofnunarinnar, jafnskjótt og hún hefur tekið til starfa, að gera sér grein fyrir fjárþörf hennar.

Þó telur deildin, að laun styrkþega þurfi að vera hið minnsta 75 þúsund krónur til hvers, og hefur deildin þar í huga fjárveitingar raunvísindadeildar Vísindasjóðs (hæstar 80 þúsund krónur).

Um húsnæði óskar deildin að taka fram, að hún telur húsrýmið í Landsbókasafni (sbr. athugasemdir og tillögur háskólaráðs) aðeins tiltækilegt til bráðabirgða."

Enn fremur var eftirfarandi tillaga samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1. Tveir sátu hjá:

„Heimspekideild vill láta í ljós þá ósk, að stofnuninni verði valið nafnið **Stofnun Jóns Sigurðssonar.**"

Þetta tilkynnist hér með menntamálanefnd neðri deildar Alþingis.

Virðingarfyllst,

Matthías Jónasson
deildarforseti.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 18. febr. 1962.

Frumvarp til laga um Handritastofnun Íslands.

Háskólaráð hefur veitt viðtöku bréfi háttvirtrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 6. þ. m., varðandi þá tillögu, að nafninu Handritastofnun Íslands í ofangreindu frumvarpi verði breytt í Stofnun Jóns Sigurðssonar.

Háskólaráð ræddi bréf nefndarinnar á fundi sínum í gær. Svo sem greint er í bréfi háttvirtrar nefndar, er frumvarpið að mestu sniðið eftir tillögum háskóla-

ráðs. Í háskólaráði var m. a. á sínum tíma fjallað um heiti stofnunarinnar, og var það tillaga háskólaráðs, að stofnunin bæri það heiti, sem greinir í frumvarpinu. Háskólaráð telur heiti stofnunarinnar ekki vera neitt aðalatriði, en telur nafnbreytingu af ýmsum ástæðum ekki æskilega á þessu stigi málsins og óskar því ekki að breyta afstöðu sinni til heitisins nú.

Virðingarfyllst,

Ármann Snævarr,
rektor.

Til menntamálanefndar neðri deildar,
Alþingi.

Fylgiskjal III.

Stjórn Félags íslenzkra fræða lýsir ánægju sinni yfir því, að lagt hefur verið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um Handritastofnun Íslands, og telur fullvíst, að slík stofnun, er frumvarpið gerir ráð fyrir, verði til hins mesta gagns fyrir íslenzk fræði.

Jafnframt telur stjórn félagsins rétt að benda heiðraðri menntamálanefnd neðri deildar á nokkur atriði í sambandi við frumvarp þetta.

Fjárveiting.

Stjórn Félags íslenzkra fræða telur augljóst hverjum þeim, er þekkir til þeirra starfa, sem í stofnuninni verða unnin, að fjárveiting sú, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum 1962, nær mjög skammt. Kemur það og fram í athugasemdum við frumvarpið, að ríkisstjórnin mun gera tillögur um aukna fjárveitingu, þegar stofnunin er tekin til starfa, enda hefur hæstvirtur menntamálaráðherra vikið að þessu í ræðu.

Stjórn félagsins þykir samt rétt að benda á, að mikið átak þarf, ef Íslendingar vilja sýna lit á svipuðum myndarskap og Danir hafa gert á síðari árum í rannsóknum og útgáfu handrita úr Árnasafni.

Má til dæmis nefna, að árið 1960 komu út 11 bindi íslenzkra handrita og rita um rannsóknir á þeim, að einhverju eða öllu leyti í Kaupmannahöfn. Prentunarkostnaður slíkra rita er ákaflega misjafn, en óvarlegt er að áætla hann minni en 7—10 þús. kr. á örk hér á landi. Til prentunar einnar saman til að halda til jafns við Dani þyrfti því minnst 850 þús. kr. árlega, miðað við 10 arkir til jafnaðar í hverju riti. Þar við bætast svo laun eða styrkir til þeirra, sem vinna við slíkar útgáfur.

Til samanburðar er rétt að minna á, að greiðslur danska ríkisins til Árnasafns í Kaupmannahöfn munu nú nema um 100 þús. kr. á ári, auk húsnæðiskostnaðar og launa fastra starfsmanna. Þar við bætast drjúgar upphæðir í styrkjum, sem ýmsir vísindasjóðir (Carlsbergssjóðurinn o. fl.) veita til ýmissa verka, og eru úr slíkum sjóðum veittir til prentunar a. m. k. tveir 40 þús. kr. styrkir og einn 70 þús. kr. styrkur á þessu ári (allt í dönskum krónum).

Þess ber að gæta, að upphæðir þessara styrkja til prentunar eru ekki hinar sömu frá ári til árs. En allt um það telur stjórn Félags íslenzkra fræða ljóst, að hin fyrirhugaða stofnun verði fljótlega að hafa til umráða eigi minni fjárhæð en 2 milljónir árlega, miðað við núgildandi verðlag, auk nægilegs húsrýmis og annarrar starfsaðstöðu, ef Íslendingar eiga að halda til jafns við Dani í þessum efnum.

Stjórn stofnunarinnar.

Stjórn Félags íslenzkra fræða telur eðlilegt, að félagið tilnefni einn fulltrúa í yfirstjórn stofnunarinnar. Þessu til stuðnings skal bent á eftirfarandi atriði:

1. Félagið er samtök þeirra manna, sem lokið hafa prófi í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands eða samsvarandi prófum frá erlendum háskólum. Virðist eðlilegt, að slík allsherjarsamtök íslenzkufræðinga eigi einn fulltrúa í yfirstjórn þeirri, sem velja mun stofnuninni viðfangsefni, ráða menn til starfa, meta umsóknir um styrki o. s. frv.

2. Flestir eða allir þeir menn, sem starfa munu á vegum stofnunarinnar, verða úr hópi félagsmanna.

3. Stjórn félagsins metur mikils það traust, sem félaginu hefur verið sýnt með því að fela því kjör eins fulltrúa í stjórn hugvísindadeildar Vísindasjóðs, þar sem fjallað er um rannsóknir á öllum sviðum hugvísinda. En jafnframt leyfir stjórnin sér að benda á það, að hitt liggur sýnu nær, að félagið fái að hafa hönd í bagga með þeim rannsóknum, sem einvörðungu eru bundnar við sérsvið félagsins.

Heiti stofnunarinnar.

Stjórn Félags íslenzkra fræða leyfir sér að beina þeirri tillögu til háttvirtrar menntamálanefndar, að fyrirhugaðri stofnun verði valið nafnið **Stofnun Jóns Sigurðssonar.**

Rök fyrir þeirri tillögu telur stjórnin þessi:

1. Stofnunin er sett á fót á afmælisári Jóns Sigurðssonar, er 150 ár eru liðin frá fæðingu hans, en Jón Sigurðsson var alger brautryðjandi um vísindaleg vinnubrögð við útgáfustörf og handritarannsóknir og fremsti fræðimaður í íslenzkum fræðum um sína daga.

Á afmælissýningu Jóns Sigurðssonar, sem Félag íslenzkra fræða og Þjóðminjasafn Íslands efndu til á liðnu sumri, kom skýrt í ljós, hvert ótrúlegt þrekvirki Jón Sigurðsson vann á mörgum sviðum íslenzkra fræða, m. a. með því að hleypa af stokkum og stýra mestu útgáfustórvirkjum íslenzkum, sem efnt hefur verið til.

Þegar þessa er gætt, þykir stjórn félagsins viðeigandi, að rannsóknarstofnun, sem á að sinna þeim verkefnum, sem Jón Sigurðsson helgaði mestan hluta starfskrafta sinna, og þar að auki er sett á laggir á afmælisári hans, verði tengd nafni hans.

2. Samkvæmt frumvarpinu er stofnuninni ætlað víðtækara starfssvið en útgáfa og rannsókn handrita, m. a. útgáfa fræðirita til að auka „þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar".

Af þeim sökum telur stjórn félagsins nafnið **Handritastofnun Íslands** of þröngt og fara miður vel á titilblaði væntanlegra útgáfurita, sem fjalla um önnur efni en handritaútgáfur eða handritarannsóknir, t. d. rit um menningarsögu, örnefni, mállýzkur o. s. frv. Nafn eins og **Stofnun Jóns Sigurðssonar** er hins vegar víðtækara, þar sem það bendir út yfir allt hið víðlenda svið íslenzkra fræða, hugðarefni og fræðavettvang Jóns Sigurðssonar.

3. Stjórn félagsins telur það ómetanlegan styrk fyrir stofnunina, út á við og inn á við, að bera nafn ástsælasta leiðtoga þjóðarinnar, enda ber engin önnur stofnun nafn Jóns Sigurðssonar.

4. Alsiða er með öðrum þjóðum að kenna vísindastofnanir við mestu afreksmenn viðkomandi greinar. Má þar til nefna Pasteur-stofnunina í París, Niels Bohr-stofnunina og Finsens-stofnunina í Kaupmannahöfn o. s. frv.

5. Í athugasemdum við lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar er komizt svo að orði: „Þegar lög þau, sem þjóðþing Dana samþykkti á síðastliðnu vori um afhending íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda, og koma skal á fót „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi", ætti hún að verða kjarni þessarar handritastofnunar."

Hér er gert ráð fyrir, að hin íslenzka deild Árnastofnunar verði hluti væntan-

legrar stofnunar. Sýnist stjórn Félags íslenzkra fræða þá fara vel á þeirri verkaskiptingu, að þau útgáfu- og fræðistörf, er sérstaklega varða handrit Árnasafns, verði á vegum þeirrar deildar stofnunarinnar, er ber nafn Árna Magnússonar, en önnur útgáfustörf verði á vegum Stofnunar Jóns Sigurðssonar. Með því móti yrði á veglegan hátt minnzt þeirra tveggja manna, sem íslenzk fræði standa í hvað mestri þakkarskuld við.

Reykjavík, 6. nóvember 1961.

Stjórn Félags íslenzkra fræða.

Árni Böðvarsson, formaður.	Jónas Kristjánsson, ritari.	Jón Aðalsteinn Jónsson, gjaldkeri.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.